




Reykjavík, 11. ágúst 2026
USK26070097

Drekavogur 13 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. ágúst 2026 var lögð fram fyrirspurn Hrefnu Ástmarsdóttur, dags. 6. júlí 2026, ásamt bréfi, ódags., um að fjölga íbúðum í húsinu á lóð nr. 13 við Drekavog.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Götumynd tekin á kortasjá já.is

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Drekavogi 13 borgarhluta 4. Laugardalur og er hluti af íbúðarsvæði ÍB25 – Sund.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir reitinn og skal grenndarkynna allar byggingarleyfisskyldar framkvæmdir. Þar sem að ekki er í gildi deiliskipulag fyrir svæðið þarf að skoða erindið út frá byggðarmynstri, fagurfræðilegum áherslum og fordæmisgildi.



Umsögn

Húsið á lóð nr. 13 við Drekavog er steinsteypt einbýlishús á tveimur hæðum byggt árið 1969 samkvæmt fasteignaskrá. Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á að fjölgað verði fasteignum í húsinu við Drekavog 13, þ.e. að kjallari verði séríbúð með sérstakt fasteignanúmer.

Ekkert deiliskipulag er í gildi á svæðinu en í byggðinni í og við Drekavog eru að finna ein býlishús, tvíbýlishús, fjölbýlishús og parhús.



Reykjavík




Aðaluppdrættir af húsinu við Dreka Vogur 13 teiknaðir af Skúla H. Norddahl arkitekt og samþykktir á fundi byggingarnefndar 30. júlí 1964 sýna tvær íbúðir í húsinu.

Upprunalegir aðaluppdrættir hússins við Dreka Vogur 13, sem teiknaðir voru af Skúla H. Norddahl arkitekt og samþykktir voru á fundi byggingarnefndar þann 30. júlí 1964, sýna að í húsinu eru nú þegar tvær íbúðir og ekki er innangengt á milli þeirra. Ekki er um að ræða útlitsbreytingar á húsinu og snúa bæði aðalinngangur 1. hæðar og inngangur að kjallaraíbúð í sömu átt, þ.e. út að innkeyrslu norðan við húsið að Dreka Vogu 13.

Á lóðinni eru tveir bílskúrar samkvæmt aðaluppdráttum en á mæliblaði lóðarinnar er einungis kvöð um eitt bílastæði á lóð nr. 13 við Dreka Vogu. Í lóðaleigusamningi segir að varðandi kvöð um bílastæði skuli styðjast við gildandi mæliblað lóðarinnar.

Ekki er heimilt að fjölga bílastæðum á lóðinni við fjölgun fasteigna í ljósi þess að nú þegar eru tveir bílskúrar á lóðinni og einungis er kveðið á um eitt bílastæði á lóðinni skv. mæliblaði.



Niðurstaða

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.